

Fundargerð Foreldrafélags Verzlunarskólans

Fundur haldinn þann 19. mars 2012 kl. 18:00 í Portinu.

Mættir: Árni Sv. Mathiesen , Anna Stefanía Magnúsdóttir, Elín Thorarensen
Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Lena K. Lenharðsdóttir, Þorbjörg Bjarnadóttir

Dagskrá:

1. Undirbúningur fyrir fund m/skólastjórn

Ákveðið að óska eftir fundi með skólastjórnendum við fyrsta tækifæri..

Málefni sem talin voru tilefni til að ræða voru:

Mætingakerfi, kennslulýsingar með tilliti til prófa, mat á kennaraeinkunn.

Miðannamat og inntökuskilyrði vegna næsta skólaárs.

Varðandi mætingar var bent á að fjárvist vegna jarðafara og kistulagningar ættingja dragi mætingaeinkunn niður auk þess að 2 fyrstu dagar veikinda með læknisvottorði eru draga hana líka niður. Benda á að sumar fjarvistir eru eðlilegar og ættu ekki að hafa áhrif á skráningu.

Ættum að vekja athygli á ábendingum um að ekki er alltaf samræmi milli kennara varðandi lýsingu þeirra hvað kemur til prófs og hvort tryggt sé að allir kennarar taki þátt í samningu viðkomandi prófsins.

Óska eftir upplýsingum um miðannamat og hvort ákveðið hafi verði hver inntökuskilyrði verða fyrir næsta skólaári.

2. Reglur um mætingu, um þetta var rætt undir lið 1.

3. Önnur mál.

Raðgæsla í vetur hefur gengið vel og hafa skólayfirvöld lýst ánægju með aðstoðina.

Krakkarnir virðast líka meta aðstoðina, þar sem þau sjá að biðröðin gengur betur og þau fljóttari að komast inn. Umgengi þeirra hefur líka verið mjög góð og þau tillitssöm um að nota ruslatunnur.

Tilkynning um ósk um aðstoð barst heldur seint fyrir síðasta ball en kom ekki að sök. En við munum koma þeirri ábendingu á framfæri.

Fundi slitið kl. 19:00